

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL	TITILL	
101458 MIN-001-V06	Umhverfismatsskýrsla - Vatnsendahvarf, deiliskipulag - Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð, breyting á aðalskipulagi	
DAGS.	VERKKAUPI	TILVÍSUNARNÚMER
24.01.2023	Kópavogsbær	...
*Minnisblað uppfært 21.06.2023 með breytingu á mati á áhrifum á náttúruferum.		
SENDANDI	MÓTTAKANDI	DREIFING
Hrafnhildur Brynjólfsson	Bergljót S. Einarsdóttir	Kópavogsbær
	Kristjana H. Kristjánsdóttir	Kópavogsbær
	Jóhanna Helgadóttir	Arkþing/ Nordic

UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Umhverfismatsskýrsla þessi fylgir breytingu á aðalskipulagi Kópavogs vegna Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Umfjöllunin á við báðar tillögurnar. Samantekt umhverfisskýrslu er birt í aðalskipulags- og deiliskipulagstillögunum.

Hér er lagt mat á umhverfisáhrif tillagnanna í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

DEILISKIPULAG VATSENDHAÐAR OG BREYTING Á AÐALSKIPULAGI - TILLÖGUR

Í tillögu að **deiliskipulagi** Vatnsendahvarfs er sett stefna um blandaða íbúðabyggð ásamt samfélagsþjónustu, verslun og þjónustu, með vísan til gildandi aðalskipulags. Með deiliskipulaginu er unnið samkvæmt markmiðum og áherslum í aðalskipulagi og fellur uppbyggingin að markmiðum um fjölbreytt framboð íbúðargerða og búsetukosta. Áherslur á vistvænar lausnir og vistvæna byggð styðja við frekari uppbyggingu í Vatnsendahvarfi. Í hverfinu og við það er gert ráð fyrir svæðum fyrir leikskóla, verslunar- og þjónustusvæði og opnu svæði. Gert er ráð fyrir um 500 íbúðum og er áætlað hlutfall íbúða í fjölbýli 60-70% og hlutfall íbúða í einbýlis-, rað- og parhúsum um 30-40%.

Á kynningartíma deiliskipulagstillögu fyrir Vatnsendahvarf komu fram ábendingar og umsagnir sem hafa haft áhrif á útfærslu deiliskipulagstillögunnar og kalla á tilfærslu á landnotkunarreitum í **aðalskipulagi**. Kópavogsbær var því ákveðið gera tillögu að breytingu á aðalskipulagi í samræmi við breyttar forsendur úr deiliskipulagsferlinu og nýjar upplýsingar sem hafa komið fram.

- Breyting á afmörkun íbúðarsvæða og opinna svæða.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu felld niður í útjaðri hverfisins en skilmálar settir um að verslun og þjónusta skuli vera innan íbúðarsvæðis.
- Kambavegur felldur niður sem tengibraut, að/frá fyrirhuguðu íbúðarhverfi.
- Leiðrétting á staðsetningu minja.
- Umfjöllun um varðveislugildi húss Útvarpsstöðvar Íslands felld út vegna breyttra forsendna.

Gögn úr forkynningu deiliskipulags fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð og forkynningu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi má sjá á vef Kópavogsbæjar.

TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040

Breytingar á afmörkun landnotkunarreita í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 eru í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins með því að styðja við:

- aðgengi að fjölbreyttum útivistarsvæðum, bæði innan hverfis og með góðum stígatengingum.
- markmið um nærþjónustu í göngufæri með möguleika á verslun og þjónustu í miðju íbúðarhverfisins.
- markmið um fjölbreytt framboð húsnæðis og búsetukosta.

Umhverfisáhrif uppbyggingar íbúðarhverfis í Vatnsendahvarfi voru metin í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og þar voru metin neikvæð áhrif af uppbyggingu íbúðarsvæðisins á andrúmsloft. Bent var á að uppbygging í útjaðri byggðar gæti haft neikvæð áhrif þar sem aðgengi að almenningssamgöngum og fjarlægð í atvinnusvæði gætu valdið meiri notum á einkabílnum, sem vinnur á móti markmiðum svæðisskipulagsins um að meginþunga vaxtar sé beint á miðkjarna og önnur þróunarsvæði. Í aðalskipulaginu (k. 9.5.2 *Valkostir fyrir íbúðarbyggð*) er einnig bent á að uppbygging almenningssamgöngukerfisins og stígakerfis og efling atvinnusvæða í Hvörfum gæti dregið úr þessum áhrifum. Þrátt fyrir að Vatnsendahvarf sé utan þessara vaxtarsvæða þá er uppbyggingarsvæðið engu að síður mikilvægt þéttingarsvæði innan núverandi byggðar sem nýtir vel núverandi innviði, er staðsett nálægt atvinnukjarna sem byggst hefur upp í Hvörfum, auk þess sem stutt er í tengingu inn á stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins. Þá er svæðið (uppbyggingin) innan vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins og styður við markmið um fjölbreytt framboð húsnæðis og búsetukosta.

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

Samkvæmt meginmarkmiðum aðalskipulagsins skal stuðla að góðri nýtingu lands og landsgæða með umhverfis- og verndarsjónarmið að leiðarljósi. Breyting á landnotkunarreitum í aðalskipulagi styður við markmið aðalskipulagsins um þéttingu byggðar með fjölbreyttu framboði af húsnæði, aðgengi að útivistarsvæðum og möguleika á þjónustu innan hverfis, sem og greiðum og öruggum samgöngukerfum.

Breyting á aðalskipulagi nær yfir eftirfarandi svæði ÍB-6, S-27 og S-67, VP-20, OP-5.13 og MV-9. Allar breytingarnar eru í samræmi við útfærslu deiliskipulags sem unnið er að og í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins. Göngu- og hjólaleiðir eru uppfærðar og tengibraut felld út.

Stefna Kópavogsbæjar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru samofin stefnu aðalskipulagsins. Við breytingu á aðalskipulagi og mótun nýs deiliskipulags hefur verið litið til markmiða aðalskipulagsins sem voru mótuð með sterkri tengingu við heimsmarkmiðin.

Deiliskipulag

Það svæði sem deiliskipulag Vatnsendahvarfs nær yfir hefur ekki verið deiliskipulagt áður. Nærleggjandi íbúðahverfi eru fullbyggð og er byggð á deiliskipulagssvæðinu eðlilegt framhald af aðliggjandi byggð. Við gerð deiliskipulagsins er tekið tillit til nærleggjandi deiliskipulagsáætlana, þær eru:

- Vatnsendi-norðursvæði, samþykkt 26.07.2002.
- DSK Hörðuvalla (Vatnsendi), samþykkt 24.07.2003
- Vatnsendahvarf, svæði IV, samþykkt 13.05.2008.
- Arnarnesvegur, þriðji áfangi, samþykkt 07.07.2022.

UMHVERFISÁHRIF

Þeir umhverfisþættir sem einkum eru taldir geta orðið fyrir áhrifum á breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir Vatnendahæð/Vatnsendahvarf eru:

- Landslag og sjónræn áhrif vegna áhrifa af byggð.
- Samfélag vegna áhrifa á framboð af íbúðarbyggð, þjónustu og grænum svæðum.
- Náttúrufar með hliðsjón af náttúrufarsúttekt.
- Hljóðvist og loftgæði vegna umferðar.
- Menningarminjar með hliðsjón af minjaskráningu.
- Vatnafar áhrifa þéttar byggðar á ofanvatn.

Við val á umhverfispáttum var m.a. litið til umfjöllunar í umhverfisskýrslu Aðalskipulags Kópavogs. Viðmið eru einkum sótt í stefnu stjórnvalda í viðkomandi málaflokkum og skipulagsáætlunum, Landsskipulagsstefnu, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Kópavogs, auk viðmiða í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, lögum og reglugerðum, sem og umsögnum í skipulagsferlinu. Í samræmi við ákvæði í aðalskipulagi Kópavogs var unnið áhættumat vegna loftslagsbreytinga fyrir deiliskipulagið og breytingu á aðalskipulagi. Aukin úrkomuákefð getur haft áhrif á vatnafar og aukin tíðni ofsaveður getur haft áhrif á vindafar og foktjón. Fjallað er um þessa þætti í matinu.

Til að meta hugsanleg umhverfisáhrif svæðisskipulagsins er notast við þá aðferðafræði að horfa til þess hver séu áætluð áhrif af framfylgd stefnu skipulagsáætlana. Lögð er til eftirfarandi einkunnagjöf:



Jákvæð áhrif á umhverfispátt.



Óveruleg áhrif á umhverfispátt.



Neikvæð áhrif á umhverfispátt.



Óviss áhrif ef áhrif á umhverfispátt eru háð útfærslu.

Landslag og ásynd

Uppbygging á deiliskipulagssvæðinu mun gjörbreyta ásynd og landslagi svæðisins. Svæðið er að mestu aflíðandi hæð með mýrlendi, mólendi og graslendi (tún) ásamt svæðum þöktum alaskalúpínu. Þó landið gerbreyti um ásynd þá verður það eftir uppbyggingu í samræmi við nálæga borgarbyggð og mun þannig falla inn í umhverfi sitt sem er jákvætt, en það breytir þó ekki því að náttúrulegt umhverfi vikur fyrir byggð. Áhrif uppbyggingarinnar á **landslag og ásynd** eru metin **neikvæð**.

Samfélag

Á deiliskipulagssvæðinu er skipulagt íbúðarsvæði með grænum geirum, skóla, leikskóla og möguleika á verslun og þjónustu. Uppbyggingin styrkir svæðið í heild sinni og íbúar þess munu geta sótt fjölbreytta þjónustu sem er að finna í nærumhverfi þess. Innra skipulag hverfisins ýtir undir samveru og lýðheilsu með aðstöðu til hreyfingar, boltavöllum, hundagerði og stígum sem tengjast nálægum útivistarsvæðum og þjónustu. Áhrif á **samfélag** og heilsu eru talin **jákvæð** m.t.t. fjölgunar íbúa og blandaðrar byggðar sem m.a. styður við blómlegt mannlíf.

Til samræmis við útfærslu í deiliskipulagi eru tveir reitir fyrir samfélagsþjónustu sameinaðir í aðalskipulagsbreytingunni og færðir til innan hverfisins. Á reitunum tveimur er í gildandi aðalskipulagi gert ráð fyrir uppbyggingu leikskóla og möguleikanum á skóla, kirkju og/eða annarri starfsemi. Tillagan miðar við að færa svæðið og sameina í einn reit og koma þar fyrir leikskóla og skóla í samræmi við þarfir hverfisins. Breytingin er í samræmi við áherslur aðalskipulagsins um aðgengi að leikskólum og gerð í kjölfarið á samráði við Menntasvið Kópavogs og skólastjórnendur í nálægum skólum, þar sem kom fram að æskilegt væri að koma fyrir skóla fyrir yngsta stig grunnskóla í tengslum við nýjan leikskóla. Breytingin styður við framboð samfélagsþjónustu í hverfinu og hefur þannig **jákvæð** umhverfisáhrif á **samfélag**, auk þess sem staðsetning skólanna er miðsvæðis í hverfinu.

Færsla í aðalskipulagi á áætluðu svæði fyrir verslun og þjónustu frá jaðri íbúðarsvæðisins inn í hverfið og að miðju þess er í samræmi við stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og markmið hverfisáætlana í aðalskipulagi Kópavogs um að borgarbyggðin mótist af viðmiðum 20 mínútna hverfisins, sem byggir m.a. á aðgengi íbúa að þjónustu í nærumhverfi sínu. Með þessari breytingu aukast líkur á að t.d. verslun eða ámóta starfsemi verði í göngufæri við íbúa hverfisins og nýtist sem hverfisþjónusta, eins og bent var á í umferðargreiningu.¹ Breytingin er því líkleg til að hafa **jákvæð** umhverfisáhrif á **samfélag** með bættu aðgengi íbúa að þjónustu.

Með breytingu frá náttúrulegu umhverfi yfir í manngert umhverfi geta myndast aðstæður sem magna upp áhrif ofsaeðurs og vindstrengi sem þeim fylgja. Unnið er markvisst með skjólmyndun í deiliskipulaginu til að draga úr þessum áhrifum og mynda skjólrík svæði.

Samkvæmt umferðargreiningu verður umferðarsköpun innan hverfisins umtalsverð. Sú umferð á þó greiða leið að stofnbrautakerfi höfuðborgarinnar um nýjan Arnarnesveg og nálæg gatnamót við Breiðholtsbraut. Umferðaráhrif frá hverfinu koma því frekar til almennrar aukningar á umferð á nærliggjandi stofnbrautum og í borginni allri frekar en að valda staðbundnum töfum. Þó eykur uppbygging á nálægu atvinnusvæði í Hvörfum líkurnar á að íbúar geti sótt vinnu í nálægð við heimili sitt sem getur dregið úr þörf fyrir lengri ferðir. Áhrif aukinnar umferðar á **samfélag** eru því metin **óveruleg**.

Í umsögn Strætó um deiliskipulagstillögu fyrir svæðið kemur fram að stór hluti hverfisins mun vera utan 400m fjarlægðar frá stöðvum almenningssamgangna skv. framtíðar leiðaneti sem Strætó hefur unnið í samstarfi við

¹ VSÓ ráðgjöf. Minnisblað um Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Umferðargreining á vinnslustillögu deiliskipulags, dags 1. apríl 2022.

sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Í deiliskipulaginu er hins vegar gert ráð fyrir þeim möguleika að strætó geti farið um Kambaveg og gert ráð fyrir strætóstöð við grænt svæði nálægt skóla og í miðju hverfinu.

Í stefnu aðalskipulags Kópavogs er lögð áhersla á að yngstu börnunum verði gert kleift að stunda íþrótt- og tómstundastarf í sínu hverfi. Í deiliskipulaginu er unnið að þessu með skipulagi stíga, en stígatengingar fara um græna geira í átt að íþróttasvæðinu við Kórinn og aðrir stígar liggja í átt að Vatnsendaskóla og Hörðuvallaskóla.

Í aðalskipulagsbreytingunni er áætlað að útivistarsvæði í grænum geira í gegnum íbúðarhverfið verði stækkað og við þá breytingu er opnað fyrir fjölbreyttari not af útivistarsvæðinu sem endurspeglast í áformum í deiliskipulagi um sleðabrekku, leiksvæði, dvalarsvæði, hundagerði, almenningsrými og boltavöll. Breyting er gerð á því hvar grænn geiri mætir Arnarnesvegi og er það gert í samræmi við útfærslu stígatengingar yfir Arnarnesveg á mögulegu vistloki, sem skapar góða tengingu við meginleiðir gangandi og hjólaleiðanet höfuðborgarsvæðisins. Með breytingunni er stutt við aukið aðgengi íbúa að fjölbreyttu útivistarsvæði í nærumhverfi sínu t.a.m. í Elliðaárdal, skíðasvæði í Seljahverfi í samræmi við stefnu aðalskipulags Kópavogs, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði. Breytingin hefur jákvæð umhverfisáhrif á **samfélag** með bættu aðgengi fyrir íbúa að grænum svæðum og stígakerfi.

Að öllu samanlögðu eru áhrif uppbyggingarinnar á **samfélag** metin **jákvæð**.

Náttúrufar

Í tengslum við gerð deiliskipulags fyrir svæðið var unnin náttúrufarsúttekt í samræmi við tilmæli úr umhverfismati aðalskipulags Kópavogs um að áður en til uppbyggingar kæmi yrði gerð úttekt á vistgerðum og fuglalífi og metið hvort tilefni væri til mótvægisáðgerða. Úttektin leiddi í ljós að fuglalíf á svæðinu væri ekki sérstætt og gæfi ekki tilefni til áðgerða. Hins vegar kom í ljós að á svæðinu eru nokkrir staðir þar sem blátoppa vex, en hún er æðplanta og nýtur friðunar skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og flétta nr. 1385 frá 18. nóvember 2021. Í deiliskipulagstillögu eru útfærðar mótvægisáðgerðir sem miða við að gróðurtorfur með blátoppu skuli varðveittar og fundinn viðeigandi staður til framtíðar. Metið er jákvætt að færa blátoppuna úr núverandi gróðurumhverfi þar sem hún á undir högg að sækja, þar sem hún vex á svæði þar sem lúpínubreiðan stækkar hratt, en lúpína er flokkuð sem ágeng tegund. Engu að síður verður náttúrulegu gróðurfari og upprunalegum vaxtarstað blátoppunnar raskað þótt ekki sé um að ræða stórt svæði. Með tilliti til skilmála í aðalskipulagi og mótvægisáðgerða í deiliskipulagi, sem unnar voru eftir samtal við Náttúrufræðistofnun og garðyrkjustjóra Kópavogs, eru áhrif á **náttúrufar** metin **óveruleg**.

Hljóðvist og loftgæði

Samkvæmt aðalskipulagsbreytingu er ekki lengur gert ráð fyrir að Kambavegur verði tengibraut að hverfinu. Þetta hefur jákvæð áhrif á útfærslu götunnar í deiliskipulagi, þar sem nú er gert ráð fyrir götu með lágan umferðarhraða sem bætir öryggi óvarinna vegfarenda, meðal annars í nálægð við skóla. Við útfærslu götunnar í deiliskipulagi, innan íbúðarsvæðisins, er gert ráð fyrir viðeigandi hraðatakmarkandi áðgerðum, en hægari umferð hefur minni áhrif á hljóðvist, auk þess sem alvarleiki slysa þar sem virkir vegfarendur og ökutæki mætast verður minni.² Með breytingunni minnka einnig líkur á gegnumakstri um hverfið sem hefði leitt til meiri umferðar. Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar og útfærslu götunnar í skipulagi á **hljóðvist og loftgæði** er því metin **jákvæð**.

² VSÓ ráðgjöf. Minnisblað um Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Niðurfelling tengibrautar á Kambavegi í aðalskipulagi, dags 2. nóvember 2022.

Menningarminjar

Í tengslum við deiliskipulagsgerð hafa minjar verið skráðar og eru fornminjar sýndar á deiliskipulagsuppdraetti. Við skráninguna kom í ljós að staðsetning minjasvæðis MV9 í gildandi aðalskipulagi var ónákvæm. Aðalskipulagsbreytingin uppfærir staðsetningu minjasvæðisins miðað við þessar nýju upplýsingar. Útfærsla deiliskipulagsins tekur tillit til þessara minja sem ætlunin er að varðveita. Skipulagið tekur tillit til minja, sem áður voru rangt skráðar sem hefði getað skapað hættu, og eru því áhrif á **minjar** því metin jákvæð.

Tekið er tillit til þessara minja við útfærslu byggðarinnar. Nú liggur fyrir betri þekking á staðsetningu minjanna sem ekki lá fyrir áður, sem hefur jákvæð áhrif á varðveislu minjanna.

Vatnafar

Uppbygging svæða þýðir að stærri hluti yfirborðs innan svæðanna er þéttur (götur, þök) þ.a. ofanvatn sem áður rann eftir yfirborði og hvarf svo ofan í jörðina og sameinaðist grunnvatnsstraumum, hefur ekki lengur þessa greiðu leið. Fráveitukerfin sem eru til staðar í núverandi byggð umhverfis skipulagssvæðið eru ekki hönnuð fyrir þetta þetta yfirborð og því anna þau ekki þessu aukna rennsli. Um leið er loftslag að breytast í heiminum sem leiðir til ákafari úrkomuviðburða. Til að hægja á ofanvatni í mikilli úrkomu var skoðað að innleiða blágrænar lausnir sem miða að því að leiða vatnið sem mest niður í jörðina aftur þannig að vatnabúskapur svæðisins haldist að mestu óbreyttur. Við skoðun á jarðfræði svæðisins kom í ljós að aðstæður fyrir blágrænu lausnirnar eru ekki ákjósanlegar, vegna þess hversu jarðlög eru þétt, og því var farið í að skoða aðra möguleika. Lagt var til að nýta beina ofanvatni í settjarnir ofanjarðar eða magasin neðan jarðar sem geta tekið við ofanvatninu og hægt á rennsli þess, og með því minnkað álag á frárrennislagnir. Eins var lagt til að tefja ofanvatnið innan lóða með regnbeðum, ofanvatnslautum, brunnum eða ámóta aðgerðum. Með þessum aðgerðum er dregið úr mögulegum neikvæðum áhrifum þéttara yfirborðs á vatnafar. Engin á, vötn eða sérstæð vatnakerfi eru á skipulagssvæðinu og áhrifin á **vatnafar** eru því metin **óveruleg**. Breyting verður þar sem ofanvatn sem í dag fellur á náttúrulegt svæði verður fært inn núverandi lagnakerfi og eykur álag á þeim. Unnið er á móti þeim áhrifum með ofanvatnslausnum í deiliskipulagi.

Valkostir

Við gerð aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 var lögð til byggð íbúðahverfis í Vatnsendahvarfi og var hún borin saman við núllkost, sem var að halda svæðinu sem stofnanasvæði með fjarskiptamöstrum og tengdum mannvirkjum. Niðurstaða þess samanburðar var að gera ráð fyrir uppbyggingu íbúðabyggðar á þessu svæði.

Við gerð deiliskipulags voru skoðaðir valkostir um staðsetningu verslunar og þjónustu innan hverfisins, umfang og staðsetningu skóla, afmörkun græns geira og skilgreiningu á Kambavegi sem tengibraut. Niðurstaða þeirrar greiningar var í öllum tilvikum breyting sem hafði jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagsgæði.

SAMANTEKT

Þegar á heildina er litið þá er tillaga að breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð líkleg til að hafa eftirfarandi áhrif á umhverfið:

Landslag og ásýnd	Neikvæð áhrif þar sem náttúrulegt umhverfi víkur fyrir byggð. Eftir uppbyggingu mun uppbyggt svæði falla inn í umhverfi nálægrar borgarbyggðar.	—
Samfélag	Jákvæð áhrif af uppbyggingu hverfis með grænum geira, skóla, leikskóla, verslun og þjónustu, góðu stígakerfi og götum þar sem gert er ráð fyrir lágum umferðarhraða. Almennar tengingar við hverfið og gott stígakerfi vinna á móti aukinni umferðarsköpun.	+
Náttúrur	Jákvæð áhrif á náttúrufar þar sem blátoppa, sem í dag á undir högg að sækja í vaxandi lúpínubreiðu, verður færð í öruggara umhverfi.	○
Hljóðvist og loftgæði	Jákvæð útfærsla í aðalskipulagi þar sem Kambavegur er ekki lengur áætluð sem tengibraut, sem hefur jákvæð áhrif á hljóðvist, loftgæði og umferðaröryggi og útfærslu byggðar í deiliskipulagi.	+
Menningarminjar	Jákvæð áhrif á minjar, þar sem minjar sem áður voru skráðar á rangan stað, eru nú skráðar á réttum stað, auk þess sem skipulagið tekur tillit til minjanna.	+
Vatnafar	Óveruleg áhrif á vatnafar, þar sem engar ár, vötn eða sérstæð vatnakerfi eru á skipulagssvæðinu.	○

Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag eru í samræmi við aðrar áætlanir, þar á meðal svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og markmið í aðalskipulagi Kópavogs.

Við samanburð á valkostum um þróun byggðar innan hverfisins voru í öllum tilvikum teknar ákvarðanir sem höfðu jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagsgæði.

Til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á blátoppu, sem vex innan skipulagssvæðisins, var tekin ákvörðun um að varðveita gróðurtorfur frá fundarstöðum hennar og koma þeim fyrir þar sem hún getur dafnað til framtíðar innan hverfisins eða annars staðar í landi Kópavogs.

Til að draga úr áhrifum þéttara yfirborðs á ofanvatn er brugðist við í deiliskipulagi með því að setja skilmála um aðgerðir sem hægja á rennsli ofanvatns inn í lagnakerfi.

KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulag Vatnsendahvarfs og tengd breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 eru unnar í nánú samstarfi skipulagshönnuða, skipulagsfulltrúa, verkefnisstjóra skipulags, skipulagsráðs Kópavogs og bæjarstjórnar Kópavogs.

Skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi var kynnt í október 2022 og tillaga til forkynningar fyrir breytingu á aðalskipulagi í desember 2022. Tillaga til forkynningar fyrir nýtt deiliskipulag var kynnt á vormánuðum 2022. Við kynningu skipulagslýsingar og tillagna var óskað eftir umsögnum frá fjölda aðila og var fleirum bætt á lista yfir umsagnaraðila ef ábendingar bárust um það.

Unnið var samkvæmt samráðsáætlun við tillögu að deiliskipulagi á forkynningarstigi. Áætlunin var kynnt samhliða kynntum gögnum sem eru aðgengileg á [vefsíðu Kópavogs](#).

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi var auglýst samtímis í apríl-júní 2023. Við kynningu á þeim var óskað eftir umsögnum frá eftirfarandi aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Minjastofnun Íslands
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Vegagerðin
- Samgöngustofa
- Isavia
- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
- Veðurstofa Íslands
- Veitur ohf.
- Landsnet
- Strætó
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Reykjavík, Umhverfis og samgöngusvið
- Sveitarfélagið Ölfus
- Hafnarfjörður
- Garðabær
- Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir

Þegar tillögur að deiliskipulagi og breytingar á aðalskipulagi voru auglýstar var einnig haft samráð við eftirfarandi m.a. með vísan til forkynningar deiliskipulags.

- Sögufélag Kópavogs
- Íþróttafélög; Breiðablik, HK, Gerpla.
- Landssamtök hjólréiðamanna
- Nemendafélög Vatnsenda- og Hörðuvallaskóla / tengiliðir skólarnir.
- Eldri borgarar sem sækja félagsmiðstöðina í Boðáþingi/tengiliður Boðáþing.

Kynningarfundur var haldinn 16. maí 2023 í Vatnsendaskóla. Innkomnar ábendingar og umsagnir hafa verið nýttar jafnt til mótunar deiliskipulagstillögu og aðalskipulagsbreytingar. Að lokinni auglýsingu tillögunnar var gerð breyting á mati á áhrifum á náttúrufar í umhverfismatsskýrslu í kjölfar ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands og hefur niðurstöðu fyrir þann matsþátt verið breytt úr jákvæðu í óverulegt. Stefnt er að því að auglýstar tillögur taki gildi sumarið 2023.